

Nd.

17. Frumvarp

til laga um mótak.

Flutningsmaður: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Nú á einhver eða hefir umráð á landi, sem mótak er í, og er hann þá skyldur til að láta það af hendi til mótaks, eftir því sem nauðsyn er á og eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum. Eigendur eða leigjendur lands eru einnig skyldir til að leyfa að þurka, hlaða upp og geyma í landi sínu mó þann, sem þar er tekinn upp.

2. gr.

Sá, sem þarfnast mótaks og nær eigi viðunanlegum samningum við eiganda eða umráðamann mólands, getur krafist þess af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem hann er búsettur, að hún gefi honum vottorð um, hversu

mikið hann teljist þurfa af mó til 1 árs. Með vottorð þetta getur hann snúið sjer til bæjartógeta eða sýslumanns og fengið hjá honum kvadda 2 hæfa og óvilhalla menn til að meta gjald fyrir mótak það, er hann þarfnast, samkvæmt vottorði hreppsnefndar.' Rjett er og, að fleiri sjeu saman um að fá tilnefnda matsmenn, og bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur einnig fengið tilnefnda menn til að meta gjald fyrir mótak handa fleiri eða færri af ibúum kaupstaðarins eða hreppsins, eða handa ibúum ákveðins hluta hrepps eða kaupstaðar, en tilgreina skal þá jafnan, hversu mikið ætla megi að þurfi af mó.

3. gr.

Gjald fyrir mótak, þurkun mós, upphleðslu og geymslu skulu hinir kvöddu menn meta, eftir gæðum mós, þykt hans, hversu djúpt þarf til hans að grafa, legu mólands og gæðum, og yfirleitt öllu, sem máli skiftir um verðmæti hans og mólandsins. Þó má gjaldið eigi vera hærra en 10% umfram það gjald, sem tekið var fyrir mótak á þeim stað árið 1917, en hafi enginn mór þá verið tekinn þar, skal hafa hliðsjón af slíku gjaldi á því ári í sama bygðarlagi.

4. gr.

Leiguliði á jörð er eigi sekur um brot gegn 13. gr. laga nr. 1, 12. jan. 1884, þótt hann leyfi öðrum mótak í landi leigujarðar sinnar, ef þeir einir fá mótak, sem hafa vottorð hreppsnefndar eða bæjarstjórnar samkvæmt 2. gr., eða þessi stjórnarvöld standa fyrir mótakinu og gjald kemur fyrir samkvæmt 3. gr., enda sje helmingur þessa gjald eign jarðareiganda, nema öðruvisi sje um samið.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10—1000 kr., og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan Norðurálfuófriðurinn stendur.

Greinargerð.

Eftir því, sem útlit er nú um útvegum kola og verð þeirra, virðist það líklegt, að mikill þorri landsmanna verði fyrst um sinn að bjargast við innlent eldsneyti, og blýtur því mótak að aukast allmjög frá því, sem verið hefir. Það er því auðsætt, að nauðsyn ber til að sjá fyrir því, að landsmönnum verði eigi gert óþarflega erfitt eða óhæfilega dýrt að afla sjer þessa eldsneytis. Tilgangur þessa frv. er því að bæta úr þessari nauðsyn, án þess þó að ganga of nærri rjetti umráðamanna mólanda.

Um hin einstöku ákvæði frv. þykir eigi þörf að fjölyrða, enda mun verða gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Þess skal getið, að nauðsynlegt virðist, að frv. þetta verði að lögum

svo snemma, að mótekjugjald í vor geti orðið metið eftir ákvæðum þess, því að dæmi munu þess, að eigendur mólanda hugsa sjer að hækka gjald þetta í vor til stórra muna.